
íþróttir íþróttir íþróttir

VIKUPISTILL um knattspyrnu

Flautað til leiks



Íslandsmótið 1. deild.

Áttunda umferð 1. deildar var leikin í vikunni. Leikur vikunnar var F.H. gegn K.R. í Hafnarfirði. Gamlir hafnfirðingar sögðu að Hamarinn þar syðra hafi nötrað þegar knötturinn lá níu sinnum í netmöskvanum. Þó að mörg mörk í leik séu skemmtileg fyrir áhorfendur, er það oftar álitið veikleiki hjá liðunum. Sá leikur vikunnar sem breytti þó mestu um stöðu liðanna var stórsigur akurnesinga gegn keflvíkingum þar syðra. Kom þar greinilega í ljós hvað reynsla í leik í hörðu móti er mikilvæg á vissum tímamótum, það sem keflavíkurliðið einmitt vantar, en keflvíkingar hafa nú tapað tveimur leikjum í röð og verða því tæplega með í baráttunni í bráð.

Staða víkings styrkist með hverri umferð, og það sem verulega athygli vekur er geysisterkur varnarleikur liðsins, nánast múr sem ekkert kemst innfyrir. Það má því gera ráð fyrir að einmitt í dag komi það skýrast í ljós hvort vörn Víkings stenst lipra og hratt leikandi framlínu Vals, en þessi lið leika í dag kl. 5. Óneitanlega einn af úrslitaleikjum mótsins. Framarar láta sér nú nægja hvert stigið sem halast inn, og liðið hefur aðeins fengið 2 stig í fimm leikjum, þannig að Fram, sem svo margir spáðu velgengni, er ekki lengur með í baráttunni um toppinn, og þarf alvarlega að líta í kringum sig. Annars er erfitt að tala um hver sé í botnbaráttu, því sex lið eru nær í einum heitum potti.

Vestmannaeyingar hækkuðu flugið gegn Þór, og athyglisverður lykilmaður fyrir vestmannaeyinga er Sigurlás, sem lék með að nýju eftir að hafa verið meiddur í fjórum síðustu leikjum og skoraði tvö mörk. Þór þarf að reiða upp hamarinn, ef ekki á að sökkva. Breiðablik heldur áfram að berast með straumnum.

2. deild.

Keppnin í annarri deild ætlar að verða tvísýnni og harðari en ég átti von á, og spáði í upphafi. Gott gengi K.A. frá Akureyri ber hæst, ég spáði þeim að vísu 2 sæti í deildinni en átti tæpast von á svona sterkri útkomu, miðað við s.l. ár. Einnig betri árangur ísfirðinga og Hauka.

Þróttur Reykjavík er mun lakari en ég átti von á, og hlýtur eitthvað að vera þar að, sálarlega eða annað, því liðið lék ágætlega í vor og einstaklingar eru þar margir ágætir. Þar þurfa menn að setjast niður og hugsa ráð sitt. Einnig átti ég von á að selfyssingar yrðu sterkari í byrjun mótsins, en einmitt selfyssingar hafa leikið bæði við toppinn og botninn, þannig að meðalvegurinn virðist blasa við. Reynir Sandgerði fer allvel af stað og má vel una sínum hag, enn sem komið er. Það lið í deildinni sem kemur mér einna mest á óvart með slakri, frammistöðu miðað við s.l. ár eru Völsungar. Það er oft einkennilegt hjá liðum í annarri deild hvað liðin eru misjöfn milli ára og er Völsungur gott dæmi um það. 1975 var liðið mjög slakt næsta ár lék liðið vel og skilaði góðum árangri, og í ár er aftur farið í sömu gryfjuna. Svona snöggar breytingar eru tæpast í 1. deild. Ármenningar, sem mörg undanfarin ár hafa skipað sér í efstu sætin, virðast ekki ætla að vera með í toppbaráttunni. Þróttur Nes., og Reynir Árskógsströnd eru enn í mestu erfiðleikunum, en öll nótt er ekki úti enn og eins og sjómenn vita, „fiska þeir sem róa."

Landsleikurinn við n-íra.

Margt og mikið hefur verið skrifað og talað um landsleikinn við n-íra, og hefi ég ekki miklu þar við að bæta. Sigurinn var mjög sætur, en leikurinn all mistækur, þó ekki hallaði þar frekar á landann. Írarnir léku það sem stundum var kallað í gamla daga kettlingafótbolta. Þeir voru all liprir með knöttinn en hálfrýrir og smáir til átaka, eins og vantaði allt kjöt í fæturna á þeim.

Leikurinn var ágætlega leikinn á köflum en datt þess á milli niður í meðalmennsku og stundum neðar. Nú þarf að fylgja þessum sigri eftir og herja næst á norðmenn og svía. Stopper sat í fyrsta skipti í blaðamannastúku á þessum leik og undi hag sínum vel.

Hlutur íþróttafréttaritara í knattspyrnunni er og hefur verið mikill gegnum árin, meiri en margan grunar. Það er ekki bara að segja frá leikjum o.þ.h. heldur eru öll skrif um knattspyrnu, stór og smá, mjög mikilvæg, þó helst að þau séu jákvæð, en sem sagt, áróðurinn í blöðunum og fjölmiðlum er það besta sem hægt er að fá fyrir knattspyrnuna. Þess vegna þarf að veita þessum mönnum alla bestu þjónustu sem völ er á, jafnvel þó að þessir menn séu að sinna sinni vinnu, og næst þegar landsleikur verður ætti K.S.Í að sjá um að leikskrár lægu frammí þar uppi, ef til vill að senda stráka með heitan kaffibolla til þeirra í hálfleik. Eins og áður sagði verður næsti leikur sennilega við norðmenn 30 júní. Fram að þeim tíma þurfa allir að æfa vel og dyggilega, einnig atvinnumennirnir sem eru komnir í frí.

Melavöllurinn.

Íþróttavöllurinn á Melunum við Suðurgötu verður samkvæmt viðtali við vallarstjóra, lagður niður í haust, og upp mun rísa á staðnum Þjóðar bókhlaða. Melavöllurinn hefur verið musteri til íþróttaiðkana í Reykjavík í nær 70 ár, og verður mikill sjónarsviptir, og ekki grunlaust að einhverjir felli jafnvel tár ef völlurinn hverfur. Ef til vill er þetta nauðsynlegt fyrir kerfið eða skipulagið. Íþróttasamtök hafa ekki svo ég viti mótmælt eða sagt álit sitt á þessum málum, þannig að líta má á að um samþykki sé að ræða, — út af minna málefni hafa menn rifist.

Saga þessa gamla vallar er litrík, svo litrík fyrir íslenskar íþróttir, að skrá verður sögu þessa íþróttamusteris á spjöld sögunnar á prenti. Mín tillaga er að reynt verði að tefja málið eins lengi og unnt er, og ef ekki er hægt lengur, þá að flytja völlinn helst í heilu lagi á annan stað t.d. niður á Háskólavöll. Margir hafa látið þau orð falla að Melavöllurinn sé besti malarvöllur í heimi, og ef Stopper ætti þess kost þá vildi hann eiga síðasta sparkið sem þar verður sparkað, svo góðar minningar á hann frá þessum velli.

Flautað til leiksloka.

Í næsta þætti mun ég reyna að ræða um leikkerfi, draga ályktun í hálfnuðu Íslandsmóti og segja fréttir frá Kvennaknattspyrnu, en það er nokkuð sem er í mikilli grósku. Í dag, þjóðhátíðardaginn, verður víða flautað til leiks ýmist í knattspyrnu eða öðrum leikjum, en hæst mun bera leik Vals og Víkings, sem fram fer á Laugardalsvelli í dag kl. 5 og þegar þar verður flautað til leiksloka munu línurnar örlítið skýrast.

Gleðilega þjóðhátíð,
STOPPER

Verkfræðingar Reykjavíkurborgar:

Skorður settar við einkabraski

Einn af verkfræðingum Reykjavíkurborgar með verkefni sem nægja myndi 5-10 manna teiknistofu

Þjóðviljinn skýrði fyrir nokkru frá því hvernig það hefur verið látið viðgangast að verkfræðingar Reykjavíkurborgar standi í einkabraski og taki að sér að teikna fyrir hvern sem er burðarvirki bygginga. Eftir að Þjóðviljinn hafði skýrt frá þessu var málið tekið fyrir í borgarráði og þar hefur nú verið samþykkt, að verkfræðingum borgarinnar sé óheimilt að taka að sér hönnun eða teikningu á mannvirkjum, nema með skriflegu leyfi borgarverkfræðings í hvert sinn og hann skal svo gera borgarráði grein fyrir slíkum undantekningartilfellum tvisvar á ári. Þetta bann nær einnig yfir aðra eftirlitsaðila, sem eru í þjónustu Reykjvíkurborgar.

Sem dæmi um hve stórtækir verkfræðingar borgarinnar voru orðnir á þessu sviði má nefna að Þráinn Karlsson verkfræðingur hefur á árunum 1975, 1976 og til 9. maí 1977 teiknað burðarvirki í 42 hús, samtals um 120 þúsund rúmmetra. Af þessu eru 13 fjölbýlishús og 9 iðnaðarhús. Sá sem næstur honum kemur, Hallgrímur Sandholt hefur á þessum sama tíma teiknað burðarvirki að húsnæði uppá rúmlega 40 þúsund rúmmetra.

Það er álit fróðra manna, að það hefði dugað teiknistofu með 5 til 10 manns í vinnu, það sem Þráinn Karlsson hefur teiknað á þessu tímabili. —S.dór



Jón Gunnarsson við tvö verka sinna.

Jón Gunnarsson sýnir að Kjarvalsstöðum

Jón Gunnarsson, listmálari, opnaði sýningu á 76 vatnslitamyndum á Kjarvalsstöðum hinn 11. júní sl. og stendur hún yfir fram á sunnudag. Sýningin er opin daglega frá kl. 2-10.

Þetta er áttunda einkasýning Jóns og sú þriðja í Reykjavík. Í Hafnarfirði hefur hann sýnt þrisvar, einu sinni í Keflavík og einu sinni í Vestmannaeyjum. Auk þess hefur Jón Gunnarsson tekið þátt í samsýningum bæði hér heima og erlendis.

Allar eru myndirnar á sýningunni málaðar á þessu og síðasta ári og flestar nú sl. vetur.

Jón Gunnarsson hefur stundað nám við Myndiða- og handlistarskólann en er annars ofsetljósmyndari og klisjugerðarmaður. Áður stundaði hann sjómennsku. Myndlistin er því algert tómstundastarf. En ég hef verið að teikna frá því ég man eftir mér, sagði Jón.

Góð aðsókn hefur verið að sýningunni og allmargar myndir þegar seldar. —mhg

Jarðvísindamenn við Háskólann:

Fordæma skrípaleikinn

Þjóðviljanum hefur borist eftirfarandi ályktun:

Undirritaðir, fastir kennarar og stundakennarar í jarðvísindum við Háskóla Íslands, lýsa yfir furðu sinni og fordæmingu á skripaleik sem leikinn var á Kröfluslóðum nýlega.

Reykjavík 14. júní 1977:

Eysteinn Tryggvason,
Guttormur Sigbjarnarson,
Guðmundur Sigvaldason,
Helgi Björnsson,
Ingvar Birgir Friðleifsson,
Kristján Sæmundsson,
Leifur A. Símonarson,
Sigurður Steinþórsson,
Sigurður Þórarinsson,
Sveinbjörn Björnsson,
Sveinn P. Jakobsson,
Þorleifur Einarsson.